

Fundargerð 85. stjórnarfundar

Vatns- og fráveitufélags Íslands, VAFRÍ

Haldinn: rafrænt á Teams og staðfundur hjá OR

Tími: 18.06.2024 13:50

Viðstaddir: Hlöðver Stefán Þorgeirsson (HSP), Sigrún Tómasdóttir (ST), Hrund Ólöf Andradóttir (HÓA), Sigurður Grétar Sigmarsson (SGS), Baldur Dýrfjörð (BD)

Dagskrá:

1. Upprifjun frá síðustu fundum - yfirferð og samþykkt fundargerða eftir því sem við á.

83. og 84. fundargerðir samþykktar.

2. Eftirfylgni aðalfundar, sbr. fundargerð og lög félagsins (skipting embættar o.s.frv.)

Farið í gegnum fundargerð aðalfundar og hún samþykkt, prentuð og undirrituð.

Engar breytingar gerðar á embættum í stjórn.

Lög félagsins uppfærð m.v. lagabreytingartillögur frá aðalfundi.

3. Önnur mál.

Næsti fundur haldinn í ágúst, í annarri vikunni eftir verslunarmannahelgi.

HÓA segir frá því að vera að fá gestafyrirlesara í 3 vikur næsta haust (október) sem er sérfræðingur í ólífrænum mengunarefnum í vatni. Leggur til að hann verði fenginn til þess að vera með kynningu fyrir félagið þegar hann er hér á landi. Jafnvel væri hægt að sameina þetta vinnustofu þar sem farið væri yfir uppsprettur mengunarefna víðar á landinu, t.d. vegna umsvifa hersins á Reykjanesi sbr. tillögur Baldurs á aðalfundinum.

Rætt um mögulega afmælisferð norður í landi á næstu önn.

Stefnt á að óska eftir fundi með FUMÍS í kjölfar næsta stjórnarfundar.

Óskað var eftir því að VAFRÍS myndi senda tilnefningu um fulltrúa í íslensku vatnafræðinefndina. Óskað var eftir tilnefningu af báðum kynjum. HÓA hefur settið í þessu og óskar ekki eftir því að sitja áfram. Stjórn VAFRÍS leggur til að tilnefna Baldur Dýrfjörð og Sigrúnu Tómasdóttur. HSP svarar þessu erindi.

Fundi var slitið klukkan 14:45. Fundarritari: Sigrún Tómasdóttir, sigrunto@orkuveitan.is